

(Drög 23.10.2014)

Leiga á tímum í Frjálsíþróttahúsi FH í Kaplakrika

- 1.0 Hafnarfjarðarbær skal leigja eftirfarandi fjölda tíma í Frjálsíþróttahúsi FH í Kaplakrika:
- 1.1 Árlegur leigutími áfrjálsíþróttahúsi FH í Íþróttamiðstöðinni í Kaplakrika er 1800 tímar, sem samsvarar til 150 tímum á mánuði.
- 1.2 ÍBH skal hafa afnot af 1.600 tímum í frjálsíþróttahúsinu til íþróttæfinga á ári, nánar tiltekið 133 tímar á mánuði í tólf mánuði eftir nánara samkomulagi við rekstrarstjórn FH um skipulagningu notkunar. ÍBH úthlutar og skiptir tímum milli aðildarfélaga sinna samkvæmt gildandi reglum. Öðrum tímum er úthlutað til notkunar fyrir almenning og grunnskóla og skal notkunin ákveðin milli aðila fyrir eitt ár í senn alls 200 tímar. Rekstraraðila ber sérstaklega að skipuleggja og kynna notkun á tímum fyrir almenning.
- 2.0 Hafnarfjarðarbær skal greiða kr. 7.511,- í leigu fyrir hvern tíma fyrir afnot af frjálsíþróttasal. Samningur þessi er bundinn neysluverðsvisitölu með grunnvisitölu stig, sem er vísitala janúarmánaðar 2014. Höfuðstóll leigu breytist í réttu hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvisitölu miðað við vísitölu janúarmánaðar ár hvert.
- 3.0 Leigugjaldið greiðist í samræmi við meðaltalstölu skv. framansögðu (150 tímar) fyrirfram einn mánuð í senn með 12 jöfnum greiðslum á ári, en það samsvarar kr. 1.126,650, á mánuði. Heildarleiga á ári er því kr. 13.520.000,- á tímabilinu.
- 4.0 Samningurinn gildir frá 1. Ágúst 2014 og fyrsta greiðsla mun þá fara fram. Gildistíminn er til eins árs og skal þá endurskoðaður í ljósi reynslunnar af rekstri hússins. Samningurinn er hluti af heildarsamningi um rekstur íþróttamannvirkja FH í Kaplakrika og um hann gilda sömu ákvæði varðandi endurskoðun og uppsagnarákvæði einnig.

Aðilar staðfesta hér með efni skjalsins með undirskrift sinni.

Hafnarfirði,

2014

Fh. Fimleikafélags Hafnarfjarðar

Fh. Hafnarfjarðarbæjar

Vottar að réttri dagsetningu
og undirskrift aðila :
